



Hraunvallaskóli
vinátta - samvinna - ábyrgð

Hafnarfjörður
Grunnskólar Hafnarfjarðar
Skólanámskrá

Skólanámskrá Hraunvallaskóla

II. og III. hluti



4. bekkur

Skólaárið 2023 - 2024

Skólanámskrá Hraunvallaskóla.

Útgefin 2023.

Skólanámskrá er útgefin á rafrænu formi (pdf), send foreldrum nemenda í tölvupósti og birt á heimasíðu skóla.

© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Útgáfustaður: Hafnarfjörður.

Ábyrgð: Lars Jóhann Imsland (skólastjóri Hraunvallaskóla)

Útgefandi: Hraunvallaskóli (Hafnarfjarðarbær)

Drekavöllum 9

221 Hafnarfjörður

netfang: hraunvallaskoli@hraunvallaskoli.is

veffang: <http://www.hraunvallaskoli.is>



EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
II. Skólastarf 4. bekkjar	5
II.1. Samantekt kennslu í 4. bekk	6
II.2. Áherslur grunnþátta menntunar í 4. bekk	7
II.3. Kennsluáæstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 4. bekk	9
II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.	10
II.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi	10
III. Námsvið og námsgreinar	11
I. Íslenska, íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál	11
A. Íslenska	11
I.1. Talað mál, hlustun og áhorf	11
I.2. Lestur og bókmenntir	12
I.3. Ritun	13
I.4. Málfræði	15
B. Íslenska sem annað tungumál	16
2. Erlend tungumál	17
2.1. Enska	17
3. List- og verkgreinar	19
A. hluti - listgreinar:	19
3.2. Dans	19
3.3. Sjónlistir - myndmennt	20
3.4. Tónmennt	21
B. hluti - verkgreinar:	22
3.5. Heimilisfræði	22
3.6. Textílmennt	24
3.7. Hönnun og smíði	25
4. Náttúrugreinar	26
5. Samfélagsgreinar	27
6. Skólaípróttir	29
6.1. Ípróttir	29
6.2. Sund	31
7. Stærðfræði	32
7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræði	32
7.2. Tölur, reikningur og algebra	33
7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi	35
8. Upplýsinga- og tæknimennt	37



Inngangur

Í lögum nr. 91 um grunnskóla frá 12. júní 2008 stendur að í hverjum skóla skuli gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti, mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega. Skólanámskrá Hraunvallaskóla er lögð fram til samþykktar af skólaráði Hraunvallaskóla og Fræðsluráði Hafnarfjarðar.

Skólanámskrá samanstendur af tíu bekkjarnámskrám í heildstæðum grunnskóla. Þetta plagg er ein bekkjarnámskrá og skiptist í inngang (saga skóla) og þrjá meginhluta auk viðauka. I. hluti kynnir menntastefnu skólans sem hefur að geyma þær helstu atriði sem skólinn leggur áherslu á í framkvæmd skólastarfsins. II. hluti kynnir skipulag og sameiginlega þætti í starfsemi viðkomandi bekkis/árgangs. III. hluti er kynning á námssviðum og námsgreinum sem eru hluti náms og kennslu í viðkomandi bekk. Viðauki er loks með upplýsingar og viðmið um gerð skólanámskrárinnar og kynnir uppbyggingu hennar. Viðaukinn er sameiginlegur fyrir alla grunnskóla bæjarins. Framsetning skólanámskrár er á þann hátt að fyrsti hluti er eitt skjal, annar og þriðji hluti eitt skjal og viðauki er eitt skjal.

Hafa ber í huga að starf í grunnskólum tekur alltaf einhverjum breytingum frá ári til árs og því er nauðsynlegt að endurskoða skólanámskrána á hverju ári svo alltaf megi þar finna nýjustu upplýsingar um skólastarfið. Það skiptir einnig miklu máli að allir þeir sem koma að starfinu í skólanum, nemendur, foreldrar og starfsmenn kynni sér vel inntak hennar og séu því vel kunnugir. Allar ábendingar um það sem betur má fara í starfi skólans eru vel þegnar. Skólanámskrá Hraunvallaskóla er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Grunnskólar Hafnarfjarðar
Skólanámskrá



II. Skólastarf 4. bekkjar

Í fjórða bekk eru 45 nemendur. Umsjónarkennarar eru Hjördís Jónsdóttir, Vigdís Birna Rósmundsdóttir og Guðný Viktoría Másdóttir. Þetta er einn hópur með þrjá umsjónarkennara og er þeim skipt í hópa þvert á umsjónarbekki.

Stundaskráin er samansett af vinnu á heimasvæði, íþróttum, sundi og smíðjum þ.e. dans/textílmennt /tónmennt, heimilisfræði og myndmennt/hönnun og smíðar.

Viðhafðar eru fjölbreyttar kennsluáðferðir til að mæta þörfum nemenda og er ýmist unnið einstaklingsmiðað, í paravinnu, í hópum, í gegnum leiki, umræður, ritun o.fl.

Kennslusvæðið opnar kl 8.00 og geta nemendur farið inn á svæðið og lesið í rólegheitum. Mikið er lagt upp úr góðu foreldrasamstarfi, og er Facebooksíða árgangsins Hraunvallaskóli 2014. Foreldrar fá einnig sendar upplýsingar vikulega um starfið á Mentor.

Heimalestrarbók og lestrarkort fer heim daglega. Ætlast er til að nemendur skrifi niður orð/setningar eftir upplestri til að þjálfa stafsetningu. Afar mikilvægt er að nemendur lesi að minnsta kosti 5 sinnum í viku upphátt, fyrir fullorðinn sem kvittar fyrir að hafa hlustað, 15 mínútur í senn.

Heimavinnumappa fer heim á fimmtudegi og á að skila henni á miðvikudegi vikunni eftir. Íslenska og stærðfræði verður til skiptis sem heimavinna.

Námsmat verður jafnt og þétt yfir veturinn og fer fram með fjölbreyttum hætti í kennslustundum. Kaflapróf eru eftir hvern kafla í stærðfræði auk miðsvetrar- og vorprófs. Í Íslensku er símat yfir önnina auk miðsvetrar- og vorprófs. Lestrarhraði nemenda verður metinn nokkrum sinnum á hvorri önn og fylgst með framvindu hvers og eins í lestri.



II. I. Samantekt kennslu í 4. bekk

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

Námssvið	Námsgreinar	Tíma fjöldi í skóla á viku
1. Íslenska	1.1. Talað mál, hlustun og áhorf 1.2. Lestur og bókmenntir 1.3. Ritun 1.4. Málfræði	2 3 2 1
2. Erlend tungumál	2.1. Enska	2
3. List- og verkgreinar	<p style="text-align: center;"><i>A Listgreinar:</i></p> 3.1. Sviðslistir (dans) 3.2. Sjónlistir (myndmennt) 3.3. Tónmennt <p style="text-align: center;"><i>B Verkgreinar:</i></p> 3.4. Heimilisfræði 3.5. Hönnun og smíði 3.6. Textílmennt	1 1 1 1 1 1 1
4. Náttúrugreinar	4.0. Náttúrufræði	2
5. Skólaíþróttir	5.1. Íþróttir 5.2. Sund	2 1
6. Samfélagsgreinar	6.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði 6.2. Jafnrétti og lífsleikni 6.3. Landfræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði	1 1 1
7. Stærðfræði	7.0. Stærðfræði	5
8. Upplýsinga- og tæknimennt	8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði 8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni	0,5 0,5
9. Val	9.1.	0
Alls		30



II.2. Áherslur grunnþátta menntunar í 4. bekk

Í þessum árgangi eru áherslur sex grunnþátta menntunar eftirfarandi í samræmi við stefnu skólans og samhæfir áherslum skólans um forvarnir.

Grunnþáttur menntunar	Áhersluatriði
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:	<p>Það er unnið með <i>heilbrigði og velferð</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur fái fræðslu um heilbriggt lífferni. • Að nemendur temji sér að koma með hollt og gott nesti í skólann. • Að nemendur fái hvatningu til að stunda hreyfingu og útiveru. • Að hvetja og hrósa nemendum og leggjum áherslu á jákvætt og glaðlegt andrúmsloft. • Að nemendur fái tækifæri til að skiptast á skoðunum í vinnustundum • Að efla vinatengsl milli nemenda og jákvæð samskipti.
JAFNRÉTTI:	<p>Það er unnið með <i>jafnrétti</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur fái jöfn tækifæri til náms. • Að allir nemendur séu jafnir án tillits til þroska, kyns og uppruna. • Að allir fái að njóta sín á eigin forsendum. • Að nemendur beri virðingu fyrir öðrum. • Að nemendur læri að bera virðingu fyrir fjölbreytileika í menningu og siðum. • Að nemendur læri að virða mismunandi trúarskoðanir.
LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI :	<p>Það er unnið með <i>lýðræði og mannréttindi</i> í árganginum þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur temji sér að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. • Að nemendur temji sér umburðarlyndi gagnvart öðrum með því að læra að læra að taka tillit til skoðana annarra. • Að kynna fyrir nemendum hugtökin lýðræði og mannréttindi. Lögð verður áhersla á að nemendur séu meðvitaðir um réttindi sín og skyldur. • Að bekkjarfundir og umræður um ýmis málefni og ágreining séu reglulega á dagskrá. • Að nemendur taka þátt í atkvæðagreiðslu um mál sem snertu þá sjálfa.



Grunnpáttur menntunar	Áhersluatriði
LÆSI:	<p>Það er unnið með læsi í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur fái lestrarþjálfun daglega með heimalestri, þar sem litið er á lestrarnámið sem samvinnu milli heimila og skóla. • Að notaðir verða fjölbreyttir kennsluhættir. • Að nemendur vinni margskonar lesskilningsverkefni af ýmsu tagi. • Að nemendur vinna reglulega að ritun og lesa upp það sem þau hafa skrifað. • Að nemendur æfa sig í lífsleikni, fá fræðslu og vinna verkefni um að setja sig í spor annara. • Nemendum er kennt að vinna í hópavinnu þar sem er skýr verkaskipting. • Að nemendur taki þátt í litlu upplestrarkeppninni en unnið er að því meirihluta vetrar. • Að nemendur læri að vinna með landakort og læra að lesa úr þeim og leita sér að upplýsingum. • Að nemendur læri heimildaleit á vefnum, í fræðibókum, í ýmsum verkefnum á heimasvæði og eins á bókasafni.
SJÁLFBÆRNI:	<p>Það er unnið með sjálfbærni í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur efli umhverfisvitund sína. • Að nemendur læri um umhverfisvernd og mikilvægi þess að flokka og endurnýta, einnig hvetja nemendur til að vera með fjölnotaumbúðir utan um nesti • Að nemendur temji sér góðan frágang og umgengni innan sem utan skóla. • Að nemendur læri að taka sameiginlega ábyrgð á umhverfi sínu með því að fara reglulega út og týna rusl af skólalóð. • Að kynna fyrir nemendum kosti þess að nýta almenningsamgöngur og nýta þær í ferðum nemenda. • Að kenna nemendum að nýta afgangsefni í verkefnavinnu. • Við fræðum nemendur um mismun á milli menningarheima, hvernig nemendur hafa það hér í samanburði við önnur lönd.
SKÖPUN:	<p>Það er unnið með sköpun í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur fái tækifæri til skapandi vinnu í skólastarfinu • Að nemendur öðlist færni í að virkja sinn eigin sköpunarkraft. • Að nemendur fái útrás fyrir sköpun með leikrænni tjáningu, sögugerð og dansi



II.3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 4. bekk

i. Kennsluaðstæður

Unnið er með hópinn á einu kennslusvæði með þremur umsjónarkennurum og er hópnum skipt á mismunandi hátt eftir viðfangsefnum. Stundaskráin er samansett af vinnu á heimasvæði, íþróttum, sundi og smíðjum þ.e. myndmennt/hönnun og smíðar, dans/textílmenn, tónmennt og heimilisfræði. Viðhafðar eru fjölbreyttar kennsluaðferðir til að mæta þörfum nemenda og er ýmist unnið einstaklingslega, í paravinnu, í hópum, í gegnum leiki, umræður, ritun o.s.frv.

Sérkennari kemur að starfinu 13 kennlustundir á viku og teymið vinnur í sameiningu að aðkomu og fyrirkomulagi. Í viðbót kemur kennari til aðstoðar nemendum með annað móðurmál og þroskþjálfni aðstoðar ákveðna nemendur. Á hverjum morgni er farið yfir sjónrænt skipulag dagsins sem er framundan í heimakrök sem einnig er gjarnan nýttur í innlagnir á kennsluefni, umræður og leiki.

ii. Kennsluáætlanir

Að hausti leggja kennarar drög að kennsluáætlunum og viðmiðunarstundaskrá er lögð til grundvallar tímafjölda sem áætlaður er í hverja grein. Samfélagsgreinar og náttúrufræði er kennd í þemum og samþætt við íslensku eftir aðferðum byrjendalæsis. Heimalestur og lestrarkort fara heim daglega. Ætlast er til að nemendur skrifi niður orð/setningar eftir upplestri til að þjálfa stafsetningu. Nemendur eiga að lesa að minnsta kosti 5 sinnum í viku upphátt fyrir einhvern fullorðinn. Þá velja foreldrar eða sá sem hlustar einhver 5-7 eða fleiri orð/setningar úr texta heimalestrar bókarinnar, les þau upp og nemandinn skrifar þau eftir upplestri.

Heimanám er sent heim vikulega. Rauð og blá mappa fara heim með ýmsum verkefnum sem tengjast því námsefni sem unnið er með á hverjum tíma.

iii. Náms- og kennslugögn

Íslenska	<ul style="list-style-type: none"> • Ritrún 3 • Fjölbreyttir textar til undirbúnings fyrir Litlu upplestrarkeppnina • Frjálslestrarbækur • Skrift 3
Stærðfræði	<ul style="list-style-type: none"> • Lesrún 2 • Sproti 4a og 4b nemendabók • Sproti 4a og 4b æfingahefti • Stærðfræðispæjarar 3 • Ítarefni – verkefnablöð með Sprotu og stærðfræðispil
Náttúrufræði	<ul style="list-style-type: none"> • Ýmis verkefni tengd kortum og kortaleit • Komdu og skoðuðu hafið • Komdu og skoðuðu hringrásir • Komdu og skoðuðu sögu mannkyns
Samfélagsfræði	<ul style="list-style-type: none"> • Fræðibækur og hefti um efni sem tengist hafinu. • Hvalir • Trúarbrögðin okkar • Halló heimur 2 og Halló heimur verkefnabók • Dagblöð, verkefni tengd líðandi stund
Enska	<ul style="list-style-type: none"> • Verkefnablöð og hefti



**Námsbækur
og almenn
kennslugögn skóla:**

- Allar nauðsynlegar náms- og kennslubækur (sjá viðkomandi námsgreinar).
- Aðgangur að tölvum og hugbúnaði í skóla eftir þörfum.

II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.

Mikið er lagt upp úr góðu foreldrasamstarfi. Foreldrar fá sendar upplýsingar vikulega í formi fréttabréfs inn á Mentor. Í fréttabréfinu eru upplýsingar um heimanám, skólastarfið og aðrar hagnýtar upplýsingar. Einnig setja kennarar reglulega inn myndir og upplýsingar um bekkjarstarfið á Facebooksíðu árgangsis. Hraunvallaskóli 2014. Foreldrar geta alltaf sent tölvupóst eða hringt og kennarar svara eins fljótt og hægt er. Kennarar leggja sig fram við að kynnast öllum nemendum á sínu svæði þannig að foreldrar geti leitað til fleiri en eins kennara. Kennarar skrá upplýsingar um nemendur í Mentor svo foreldrar geti fylgst með. Bekkjartenglar vinna með kennurum þegar viðburðir eiga sér stað í skólanum og einnig þegar þeir skipuleggja atburði utan skóla eða vinahópa.

II.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi

Námsmat í bekknum greinist í þrennt, leiðsagnarmat, stöðumat og lokamat (út frá hæfniviðmiðum). Framkvæmdin í árganginum er með þessum hætti:

a. Leiðsagnarmat.

Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Í því felst að kennarar nota ýmsar leiðir til að styðja við og leiðbeina nemendum að ná árangri.

b. Stöðumat.

Stöðumat fer fram 2 sinnum á skólaárinu með viðtali nemanda og foreldra með umsjónarkennara. Tilgangur stöðumatsins er að veita mat á stöðu nemenda til þeirra sjálfra og aðstandenda þeirra, til að hjálpa þeim til að ná frekari árangri í náminu. Mat birtist í hæfnikorti nemanda í Mentor þar sem fram kemur hvort nemandi hefur náð þeim viðmiðum sem stefnt er að.

c. Lokamat:

Lokamat fer fram í lok skólaárs þar sem nemandi fær mat á náminu sínu yfir skólaárið. Meginmarkmið þess að veita nemanda yfirsýn yfir stöðu sína eftir nám vetrarins. Mat birtist í hæfnikorti nemanda í Mentor þar sem fram kemur hvort nemandi hefur náð þeim viðmiðum sem stefnt er að. Einnig fær nemandi afhent vitnisburðarblað þar sem fram kemur hvort nemandi hefur náð viðmiðum eða þarfnast frekari þjálfunar.



III. Náms svið og námsgreinar

Í þessum hluta námskrárinnar er kynnt áætlun um það nám og kennslu sem stefnt er á að fari fram á skólaárinu í bekknum/árganginum. Aðalnámskrá grunnskóla skiptir viðfangsefnum skólastarfsins í átta skilgreind náms svið en hverju náms sviði tilheyra mismargar námsgreinar. Fyrir hvert náms svið eru gefin út hæfniviðmið, námshæfni, fyrir 4., 7. og 10. í Aðalnámskrá en skólar útfæra fyrir aðra árganga. Sömuleiðis er lýst áherslum í hverri námsgrein árgangs og flokkað eins og tilheyrir hverju náms sviði. Megintilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólastarfinu sem öllum sé ljós.

Í einhverjum tilvikum fá nemendur sérstakt námsefni sem hæfa þeim betur en námsefni bekkjar og fá því sína eigin námskrá (að hluta a.m.k.) sem er nefnd einstaklingsnámskrá. Hún er utan þessa plaggs og unnin í hverju tilviki í samráði við aðstandendur viðkomandi nemenda eftir því sem við á.

I. Íslenska, íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál

A. Íslenska

1.1. Talað mál, hlustun og áhorf

Tímafjöldi: 2 tímar (80 mín. – 2 kennslustundir á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Tjáð sig munnlega með margvíslegum verkefnum s.s. farið með ljóð, lesið upphátt sögur og ljóð með réttum áherslum. (L)
- Sagt frá eigin upplifunum. (L)
- Þjálfast í samlestri og einstaklingsupplestri úr púlti (L)
- Sagt frá eftirminnilegum atburðum (L)
- Staðið frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu (L)
- Tjáð hugmyndir sínar og reynslu (L)

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Segja frá eigin reynslu
- Lesa fyrir samnemendur sína
- Hlusta á umræður
- Hlusta á sögur, ævintýri og ljóð

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- verkefni sem unnið er með í tengslum við Litlu upplestrarkeppnina
- eigin verk
- lestrarbækur
- Ýmsar sögubækur og ljóð



iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- upplestur nemenda
- umræður og tjáning

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- nemendur þjálfast í að koma fram út frá eigin forsendum og getu

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Stuðst er við símat þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda og vinnu í kennslustundum.

1.2. Lestur og bókmenntir

Tímafjöldi: 3 (120 mín. – 3 kennslustundir á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

I. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Þekkt mismunandi form ljóða og ljóðahugtaka s.s. rím, líkingar og orðskýringar (Þ)
- Aflað sér upplýsinga úr bókum (L)
- Unnið með nákvæmnis- og gagnvirkan lestur (L)
- Rímað og haft tilfinningu fyrir hrynjanda orða (Þ/L)
- Lesið valda kafla úr blönduðu efni s.s. úr íslenskum bókmenntum, ævintýrum og þýddum verkum. (L)
- Unnið með ljóð, lesið, sungið og lært nokkur utanbókar. (Þ/L)
- Unnið að því að auka lesskilning, orðaforða og málskilning. (Þ/L)
- Þjálfist í samlestri og einstaklingsupplestri úr púlti.
- Valið sér lesefni eftir áhugasviði. L/V)
- Lesið sögur og ljóð sér til ánægju. (L/V)
- Lesið texta og svarað spurningum úr honum. (L)
- Unnið með upplýsingar úr texta á sjálfstæðan hátt. (L)
- Unnið með fjölbreyttar textategundir s.s. ljóð, sögutexta, fræðitexta, leiðbeiningar, dagbækur og skilaboð. (L)
- Náð hraðlestrarviðmiðum 4. bekkjar (L)
- Náð viðmiðum 4. bekkjar um lesskilning. (L)

Upplýsinga- og tæknimennt

- Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms. (L/V)
- Beitt undirstöðuatríðum í fingrasetningu
- Notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna. (L)
- Notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu. (L)
- Nýtt hugbúnað við einfalda vefsmíð.
- Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og verið meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.
- Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag (Þ/L).



II. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Lesa valda kafla af blönduðu efni s.s. úr íslenskum bókmenntum og ævintýrum
- Vinna með ljóð, lesa og syngja
- Kynnast ljóðahugtökum s.s. rím
- Þjálfast í nákvæmis- og gagnvirkum lestri
- Auka lesskilning
- Samþætting samfélagsfræði, bókmenntir og lestur
- Velja sér bækur eftir áhugasviði
- Læra að afla sér upplýsinga úr bókum og læra hugtökin söguþráður, sögupersónur og boðskapur.
- Samlestur
- Litla upplestrarkeppnin
- kórlestur

III. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Komdu og skoðaðu (sögu mannkyns, hafíð, og landnámið)*
- *Valdir bókmenntatextar*
- *Blaðagreinar*
- *Frjálslestrarbækur*
- *Lesrún 2*

IV. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Lesa heima daglega og skrifa í orðabók
- Nemendur kynnast ævintýrum og vönduðum sögum
- Læra ljóð og söngtexta

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Unnið í hringekju
- Paravinna
- Einstaklingsvinna
- Lesa daglega

V. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Hraðlestrarprófið Lesferill er lagt fyrir í september, janúar og maí og lesskilningsprófið Orðarún er lagt fyrir í janúar og maí. Að öðru leiti er stuðst við símat þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda og vinnu í kennslustundum.

1.3. Ritun

Tímafjöldi: 2 tímar (80 mín - 2 kennslustundir á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Þekkt hugtökin upphaf, miðja og endir í frásögnum og geti nýtt sér þau í eigin skrifum. (P/L)



- Þekkt einfaldar stafsetningarreglur, svo sem um stóran staf á eftir punkti og í sérnöfnum og reglum um sérhljóð á undan ng og nk. (Þ/L)
- Tjáð hugmyndir sínar og reynslu. (L)
- Unnið ýmis ritunarverkefni t.d. útdrætti, sögur og heimildaritun. (L)
- Endursagt og skrifað eftir frásögn og upplestri. (L)
- Lært grundvallarreglur í stafsetningu með gagnvirkum æfingum og sóknarskrift. (L)
- Haft jákvætt viðhorf til móðurmálsins og notað tungumálið á margvíslegan hátt. (V)
- Vandað vinnubrögð og frágang. (L)
- Nýtt sér einfalt hugtakakort við ritun. (L)
- Sett fram hugmyndir sínar með hugtakakorti. (L)
- Skrifað há- og lágstafi þar sem við á. (Þ/L)
- Haft gott bil á milli orða. (L)
- Látið stafi standa á línu. (L)

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- sögugerð
- endursögn
- dagbókaskrif
- uppskriftir

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Ýmis verkefni tengd viðfangsefnum og lesefni.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Nemendur fá t.d. mynd og eiga að skrifa um hana
- Skrifa reynslusögu
- Segja frá sögu sem þau hafa hlustað á
- Skrifa endursögn út frá námsbókum
- Skrifa eftir fréttum
- Fréttamynd og semja sína eigin frétt
- Skrifa hvað þau hafa gert í vikunni.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Þau sem ekki eru vel skrifandi skrifa teiknimyndasögu
- Hver og einn nemandi skrifar út frá sínum forsendum og getu

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi :

Stuðst er við símat þar sem sögubýgging, upphaf, miðja, endir og samhengi texta er metið út frá verkefnum og vinnu nemenda í kennslustundum.



1.4. Málfræði

Tímalfjöldi: 1 tími (40 mín. – 1 kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Raðað í stafrófsröð (P)
- Þekkt nafnorð og helstu einkenni þeirra (P)
- Þekkt mun á sérhljóðum og samhljóðum (P)
- Þekkt kyn orða (P)
- Greint orð í eintölu og fleirtölu (P)
- Þekkt sagnorð og helstu einkenni þeirra (P)
- Þekkt lýsingarorð og helstu einkenni þeirra (P)
- Stigbreytt lýsingarorð (P)
- Rímað og haft tilfinningu fyrir hrynjandi orða (P)
- Þekkt föll nafnorða og fallbeygt rétt (P)
- Þekkt mun á samnöfnum og sérnöfnum (P)
- Þekkt hugtökin samheiti og andheiti (P)
- Unnið með samsett orð (P)
- Þekkt hlutverk nafnorða, lýsingarorða og sagnorða. (P)

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Stafróf, stór og lítill stafur, sérnöfn og samnöfn, rím, orðaleikir
- Nafnorð; sérnöfn og samnöfn, samsett orð, samheiti og andheiti, kyn, g tala og fallbeyging
- Sagnorð; nútíð og þátíð
- Lýsingarorð; stigbreyting, fallbeyging

iii. Námsgögn og kennslufni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Verkefni af skólavefnum
- Lesrún 2
- Verkefni útbúin af kennara

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

- einstaklingsvinna
- paravinna
- heimavinna
- hópavinna
- hringekjuvinna

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- nemendur vinna á eigin hraða
- nemendur fá verkefni miðað við eigin getu

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:



Íslenskupróf lagt fyrir í janúar og maí þar sem þekking á helstu áhersluþáttum er könnuð. Að öðru leyti er stuðst við símat þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda og vinnu í kennslustundum.

B. Íslenska sem annað tungumál

Námsgreinin íslenska sem annað tungumál er ætluð nemendum sem eiga ekki íslensku sem móðurmál og hafa engin eða lítil tæk á íslensku máli. Nemendahópurinn sem lærir íslensku sem annað tungumál er fjölbreyttur og námsþarfir hans að sama skapi mismunandi. Nemendur vinna að hæfniviðmiðum samkvæmt „íslensku sem annað tungumál“. Hæfnirammarnir þar skiptast í fjögur stig (forstig, 1. Stig, 2. stig og 3. Stig) og lýsa stigvaxandi hæfni nemenda í íslensku sem öðru tungumáli. Hæfnirammarnir miða ekki við aldur nemandans heldur hæfni og stöðu hans í máltileinkuninni. Kennsluhættir og námsmat skulu vera fjölbreytt og taka mið af öllum hæfnisviðum þ.e. skilningi (hlustun og lestri) og tjáningu (talmáli og ritun). Þegar nemandi hefur náð færni á öllum stigum er gert ráð fyrir að hann geti, með stuðningi, unnið eftir sömu námsáætlun og nemendur með íslensku sem móðurmál.

https://mms.is/sites/mms.is/files/haefnisvid_og_haefnirammar_i_isat.pdf

iii. Námsgögn og kennsluefni

- Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:
- Námsbækur: Íslenska nýja málið mitt 1 og 2, Kæra Dagbók 1, 2 og 3, Hitt og þetta (lestrar- og vinnubók), Íslenska fyrir alla 1 og 2, Íslenska vísar veginn, Tölum saman, Orðagull, Markviss málörvun, Leggðu við hlustir.
- Spil: Sagnorðaspilið, Fallorðaspilið, Orðasjóður (flettisþjöl og útprentanlegt efni af vef), Íslenski málhljóðakassinn.
- Smáforrit og vefir: Vefir af heimasíðu Menntamálastofnunar (mms.is), smáforrit af App Store.
- Annað: Verkefni frá kennara, Orðaforðalisti MMS.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- einstaklingskennsla
- kennsla í litlum hópum
- á heimasvæði árgangs

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- vinnubækur við hæfi hvers og eins
- spil og leikir
- umræður
- lestur bóka sem hæfa hverjum og einum

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi i:

- símat
- leiðsagnarmat
- stöðumat
- próf



2. Erlend tungumál

2.1. Enska

Tímafjöldi: 2 tímar (80 mín. 2 kennslustundir á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Hæfniviðmið

Hlustun

Við lok árgangs geti nemandi:

- Skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og nánasta umhverfi þegar talað er skýrt (P).

Lesskilningur

Við lok árgangs geti nemandi:

- Lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum (P)

Frásögn og samskipti

Við lok árgangs geti nemandi:

- Haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaforða og kunnað að beita algengustu kurteisisvenjum. (P/L)
- Í einföldu máli sagt frá og notað lykil orðaforða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum. (P/L)

Ritun

Við lok árgangs geti nemandi:

- Skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengjast honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar, stafsett flest algengustu orðin og notað algengustu greinarmerki, eins og punkta og spurningarmerki. (P/L)

Menningarläsi

Við lok árgangs geti nemandi:

- Sýnt fram á að hann kann skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, svo sem fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á hvað er líkt og ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu (P/V)

Upplýsinga- og tæknimennt

Við lok árgangs geti nemandi:

- Nýtt hugbúnað við einfalda vefsmíð.

Námshæfni

Við lok árgangs geti nemandi:

- Sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf (P/L).

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- að skilja einfalt mál, hlusta efni á geisladiskum í tengslum við viðfangsefnið sem unnið er með



- að vinna markvisst með orðaforða í tengslum við hlustunarefni og lestexta,
- skilja léttu texta af mismunandi gerð, s.s. myndasögur, barnabækur og ævintýri
- geti fylgt ýmsum einföldum textum, s.s. þulum, rími og ljóðum
- geta tekið þátt í samskiptum í kennslustofu, þ.e. kynnt sig, heilsað og kvatt. Að geta tjáð sig um afmarkaða þætti í viðfangsefnum sem unnið er með.
- að þjálfast í réttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefninu.

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Verkefnahefti útbúið og samantekið af kennurum.
- Sögur, myndasögur, og leikir.
- Adventure Island (mms)
- Hlustunaræfingar, dægurlög og þulur.
- <https://learnenglishkids.britishcouncil.org/>
- Lærum ensku (mm.is)
- <https://mms.is/namsefni/leikgledi-50-leikir>

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

- Fjölbreyttum kennsluaðferðum er beitt eftir því hvað er verið að þjálfva hverju sinni.
- Kennari tali ensku þegar kennslustund í ensku fer fram. Talar hægt og skýrt og notar einföld orð. Kennari taki reglulega eftir hvort allir nemendur skilji og ef ekki getur verið nauðsynlegt að þýða yfir á íslensku svo allir viti hvað verið sé að fjalla um eða hvað eigi að gera.
- Til að þjálfva skilning á mæltu máli er notast við samtalsæfingar og stafrænt margmiðlunarefni.
- Ritun er þjálfuð með fjölbreyttum verkefnum sem tengjast viðfangsefni hverju sinni.
- Lesskilningur er æfður allt frá upphafi í samlestri og æfingu á orðaforða.
- Til að þjálfva frásögn og samskipti er grunnorðaforði sem kenndur er í fjórða bekk nýttur í ýmsa leiki og talþjálfun, ýmist í hópum eða pörum undir handleiðslu kennara.
- Til að þjálfva menningarlæsi bendir kennari nemendum á hvernig margt er öðruvísi milli Íslands og Englands þegar þjálfun hvers viðfangsefnis fer fram. Einnig er sérstakt verkefni tengt Englandi útbúið til að nemendur fræðist lítillega um landið, staðsetningu, og fleira sem tengist því. Einnig nýtir kennari hvert tækifæri til að benda nemendum á þegar orðaforði beggja tungumála líkist.
- Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:
- Færni miðuð kennsla



- Nemendur vinna í litlum hópum og njóta stuðnings kennara jafnt sem af samnemanda.

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- Nemendur safna verkefnum saman í vinnubók og geta þannig rifjað upp í hverri viku.

Nemendur eru metnir út frá símati þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda og vinnu í kennslustundum.

3. List- og verkgreinar

A. hluti - listgreinar:

3.2. Dans

Tímafjöldi: kennt í smiðju 4x á vetri. (40 mín. kennslustund 3x í viku ca 45 skipti).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi

- Hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama (L).
- Boðið upp í dans og dansað í danshaldi (L).
- Tekið þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara(L).
- Tengst saman hreyfingu og tónlist (L).
- Tekið tillit til jafningja í samstarfi og virt samskiptareglur(L/V).
- Hlustað á hugmyndir jafningja og lagt fram eigin (V/L),
- Dansað léttu tísku/línudansa (L).
- Kunnað grunnspor og einföld afbrigði í nokkrum samkvæmisdönsum og þjóðdönsum(p/L).

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Cha cha cha + new yorker
- Samba 1 a 2 + wisk 1 a 2
- Rumba am. + stutta hliðarsporið
- Jive fr.sp.
- Walz h/ snú
- Hlööudans / skiptidans
- Svensmaskerade
- Vinarkrus
- Æfa takt
- Jóladans
- Ýmsir leik-tjáningardansar, tísku-línu og disco dansar í vali hvers kennara.
- Söngleikjadans í vali hvers kennara.



iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Tónlist, veraldarvefurinn og ýmsar bækur tengdar danslistinni.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Í kennslustofu án húsgagna þar sem eingöngu eru hljómflutningstæki, borð og tölva.
- Sýnikennsla
- Sköpun
- Paravinna
- Einstaklingsvinna
- Hópavinna

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Allir nemendur sem hafa getu til, stunda námið.
- Í einstaka tilfellum eru nemendur með stuðning með sér.
- Önnur námsúrræði eru fyrir þá sem t.d. þola illa hávaða og eiga að einhverjum öðrum orsökum erfitt með að stunda námið.

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Metið er hvort nemendur kunni þá dansa sem kenndir eru á skólaárinu, að auki er metin virkni, leikni, samvinna, kurteisi og framkoma.

3.3. Sjónlistir - myndmennt

Kennslan fer fram í myndmenntastofu. Tímafjöldi: 12 -13 skipti (80 mín. kennslustund 3x í viku).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi

- Gert grein fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi og túlkað það í myndverki (P/L).
- Notað mismunandi mynstur til að túlka tóna/litstyrk (P/L).
- Unnið með litablöndun fastra lita(P).
- Þjálfast í að vinna hugmynda- og skissubók (P/L).
- Gengið frá efnunum og áhöldum (P)

vi. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Búa til skissubók frá grunni
- Litafræði; litahringur, frumlitir, litablöndur og mismunandi áhrif lita
- Rými og myndbygging
- Geti unnið verk með mismunandi efnunum, t.d þekjuliti, vatnsliti, blek og krítum
- Þekkja verk valinna listamanna og ræða um þau
- Gildi þess að ganga vel um áhöld, efni og húsnæði og ganga frá verkefnum

vii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:



- Fjölbreytt myndlistarefni og áhöld, svo sem mismunandi pappír, teikniáhöld, litir og verkfæri.
- Bækur, skyggnur og margmiðlunarefni, valið og útbúið af kennara.

viii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla fram á eftirfarandi hátt:

- Kennslan fer fram í myndmenntastofunni
- Námsgreinin er kennd í lotum, 6 kennslustundir á viku í um það bil 6 vikur.
- Námsþópar eru blandaðir innan árgangs.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Læri að vinna eftir einföldu ferli frá hugmynd til framkvæmdar
- Læri að þekkja og nota helstu áhöld og verkfæri
- Geti beitt áhöldum og verkfærunum á réttan hátt
- Geti gengið frá eftir vinnu sína
- Fundið gildi samvinnu og hjálpssemi
- Fundið gleðina og séð gildi þess að skapa og búa til eitthvað sjálfur
- Séð tilgang í nýtni og því að endurnýta hluti sem annars væri hent

ix. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Viðfangsefni og verkefni eru metnir út frá hæfniviðmiðum ásamt frammistöðu í tímum, virkni og vinnubrögðum.

3.4. Tónmennt

Tímafjöldi: kennt í smiðju 1x á vetri. (40 mín. Kennslustund 3x í viku í smiðju, 4 vikur í senn).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi

- Hlustað á mismunandi tónlist og rætt um hana út frá smekk og upplifun (P/L/V).
- Lært sönglög og texta utanbókar (P/L).
- Sungið nokkur íslenska sönglög í samsöng (P/L).
- Þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun (P/L)
- Leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur skóla hljóðfæri (P/L)
- Tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/ hljóðverk (P/L).

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Hlustun
- Samsöngur
- Umræður og samvinna
- Samspil
- Vinna með texta og ljóð
- Bókleg verkefna vinna.

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Sílafónar og sleglar



- Trommur
- Hristur og önnur minni slagverkshljóðfæri
- Mismunandi tónlist
- Syngjandi skóli rafbók
- Litir og blýantar við vinnu á nótnaverkefnum og hlustunarverkefnum.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Verklegr kennsla og æfingar.
- Sýnikennsla, lítil atriði kennd í einu, nemendur æfa sig að gera eins.
- Samvinna og samspil
- Innlögn
- Bókleg verkefni

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Að þora að gera mistök. Prufa sig áfram á öllum hljóðfærum.
- Vinnum með hugmyndir nemenda. Allir fá að koma með hugmyndir.

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Viðfangsefni og verkefni eru metin út frá hæfniviðmiðum ásamt frammistöðu í tímum, virkni og vinnubrögðum.

B. hluti - verkgreinar:

3.5. Heimilisfræði

Kennslan fer fram í heimilisfræðistofu. Tímajöldi: 13-16 skipti (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Eldað og bakað eftir einföldum uppskriftum, með aðstoð kennara (P/L).
- Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif (P/L).
- Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti (P/V).
- Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum og frágangi (P/L).
- Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald (P/V)
- Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi (P).
- Unnið með öðrum í hópi, sýnt öðrum umburðarlyndi og tillitssemi (V/L).
- Farið eftir reglum skólans um flokkun á sorpi (P/V).

ii Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Ávaxtabakki með jógúrtsósu
- Franskt eggjabrauð
- Grænn skrímslaþeytingur
- Pítsubrauð
- Hafragrautur



- Pasta með sósu
- Kryddbrauð/Hafrabrauð
- Súkkulaðismákökur
- Slöngupítsa
- Bóklegir tímar

iii Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Heimilisfræði fyrir 4. bekk
- Ýmsar uppskriftir til stuðnings og hugmyndaauka

iv Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt: Heimilisfræði er annars vegar verklegt og hins vegar bóklegt nám. Áhersla lögð á rétt val á vinnuáhöldum og nemendur fá þjálfun í notkun á rafmagnstækjum. Þjálfist enn frekar í að lesa leiðbeiningar og fara eftir fyrirmælum. Þjálfist í að halda gott skipulag á sínum vinnustað. Unnið með fæðuhringinn og fæðuflokkana. Kennslan fer fram í heimilisfræðistofu skólans. Námsgreinin er kennd í smiðjum. Kennt er 6 kennslustundir á viku í sex vikur (30-35 kennslustundir). Árganginum er blandað saman í hópa.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

Að nemandi:

- vinni bókleg verkefni með fæðuhringinn
- þjálfist í að nota mælitæki og taka til hráefni í uppskrift
- kunni að velja hentug áhöld
- fái þjálfun í að nota rafmagnstæki undir leiðsögn kennara, t.d. eldavél, örbylgjuofn og viti hvað ber að varast við þessi tæki
- fái þjálfun í að lesa leiðbeiningar og fara eftir fyrirmælum
- þjálfist í að flysja með grænmetishníf með rauf og beita stuttblaða hníf (lítill, 8 cm blað)
- rifji upp þekkingu sína á fæðuflokkunum
- þjálfist í að halda röð og reglu á sínum vinnustað
- hugleiði helstu leiðir til sparnaðar (heimatílútið nesti, umbúðir, orka, vatn, pappír)
- læri um helstu hættur á heimilum og hvernig koma má í veg fyrir óhöpp
- geti sýnt umburðarlyndi og tekið tillit til annarra

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Viðfangsefni og verkefni eru metin út frá hæfniviðmiðum ásamt frammistöðu í tímum, virkni, áhuga, umgengni, og vinnubrögðum.



3.6. Textílmennt

Tímafjöldi: 6 (40 mín. kennslustundir á viku að jafnaði yfir hálf t skólaár).

i Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi

- Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum (P/L).
- Unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit (P/L).
- Notað hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefninu (P).
- Unnið eftir einföldum leiðbeiningum (P).
- Notað hugmyndaflugið og gert viðfangsefnið að sínum (P/L).
- Tamið sér viðeigandi umgengni og vinnureglur (L).
- Áttað sig á mun á mismunandi tegundum handverks, t.d. þrjóni og útsaumi (P).
- Unnið með mismunandi tegundir textílefna (P/L).
- Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum (P/L).

ii Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru að nemendur:

- Fá fræðslu um mismunandi efnisgerðir
- Læri undirstöðuatriði í vefnaði
- Fjölbreytt verkefni og þráðavinna, unnin listaverk úr þræði og fleira.

iii Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Verklýsingar gerðar af kennara
- Ýmiskonar textílefni, garn, og hlutir til skreytinga.

iv Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla fram á eftirfarandi hátt:

Kennslan fer fram á heimasvæði árgangsins. Námsgreinin er kennd í smiðjum. Kennt er 6 kennslustundir á viku í 4 vikur. Árganginum er blandað saman í hópa.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

Nemendur vinna verkefni á sínum hraða með aðstoð kennara. Áhersla er á jákvæðni og vinnugleði og að allir geri sitt besta.

v Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Viðfangsefni og verkefni eru metin út frá hæfniviðmiðum ásamt frammistöðu í tímum, virkni, áhuga, umgengni, og vinnubrögðum.



3.7. Hönnun og smíði

Kennslan fer fram í smíðastofu. Tímafjöldi: 12 -13 skipti (80 mín. kennslustund 3x í viku).

vi Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi

- Unnið verkefni frá hugmynd að fullnum hlut með áherslu á form og útlit
- Þekkt og beitt hefðbundnu vinnuferli við lausn verkefna sinna
- Sýnt ábyrgð í umgengni og farið eftir almennum reglum í smíðastofunni
- Dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar
- Sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með
- Valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt
- Valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi
- Beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar

vii Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru að nemendur:

- Saga út lykklahengi í smíðastofu og skreyta eftir eigin hugmyndum
- Saga út og búa til borðspilið Myllu
- Búa til tening, pússað og skrifað með brennipenna
- Búa til bókamerki úr leðri, skreyta eftir eigin hugmyndum
- Armband úr kúlum eða perlum

viii Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Verklýsingar gerðar af kennara
- Viðeigandi verkfæri í smíðastofu
- Krossviður

Perlur, trékúlur, leðurreim, leður, áhöld til leðurvinnslu og leðurlitir

ix Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla fram á eftirfarandi hátt:

Kennslan fer fram í smíðastofu skólans. Námsgreinin er kennd í smíðjum. Kennt er 6 kennslustundir á viku í um það bil sex vikur. Árganginum er blandað saman í hópa.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

Nemendur vinna verkefni á sínum hraða með aðstoð kennara. Áhersla er á jákvæðni og vinnugleði og að allir geri sitt besta.

x Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Viðfangsefni og verkefni eru metin út frá hæfniviðmiðum ásamt frammistöðu í tímum, virkni, áhuga, umgengni, og vinnubrögðum.



4. Náttúrugreinar

Tímafjöldi: 2 tímar (80 mín. – 2 kennslustundir á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i Hæfniviðmið

Hæfniviðmið til verklags:

Við lok árgangs geti nemandi

- Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum (P/L).
- Aflað sér upplýsinga um efni er varða náttúruna og notað ólíkar heimildir til þess (P/L).
- Í máli og myndum miðlað hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum (P/L).
- Skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim (P/L).
- Greint á milli ólíkra sjónarmiða sem varða málefni daglegs lífs (P/V).
- Útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt (P/L).
- Hlustað á og rætt hugmyndir annarra (V/L)
- Tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum (P/L).
- Notað gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar, til að lýsa heimabyggð (P/L).
- Tekið frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða tiltekið málefni frá ýmsum sjónarhornum (P/L).

Hæfniviðmið eftir viðfangsefnum:

Við lok árgangs geti nemandi

- Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því (P/L/V).
- Greint á milli algengustu orkugjafa á Íslandi (P/L).
- Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru (P/V).
- Sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi (P/V).
- Lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks (P/V).
- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu, sýnt félögum og náttúru alúð (P/V).
- Lýst algengum lífverum í nánasta umhverfi sínu (P).
- Útskýrt einkenni lífandi vera, skýrt með dæmum lífsskilyrði lífvera og tengsl við umhverfi.
- Fjallað um samspil manns og náttúru (P/V).
- Rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns (P/V).
- Rætt fjölbreytni í nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu (P).
- Gert sér grein fyrir samspili manns, náttúru og lífsafkomu (P/V).
- Flokkað úrgang og gert sér grein fyrir mikilvægi endurnýtingar (P/L/V).
- Útskýrt fæðukeðjur og rakið fæðu til uppruna hennar.
- Bent á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi.
- Rætt krafta sem koma við sögu í daglegu lífi manna.
- Sett í samhengi mismunandi ástand efna og eiginleika þeirra.
- Lýst skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði, ljósi og hitastigi og áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitastig og líkamann og tengt hitastig við daglegt líf.
- Lýst eiginleikum hljóðs og ljóss og ýmsum fyrirbærum með tilliti til hljóðs og lita.

Hæfniviðmið í upplýsingatækni:

Við lok árgangs geti nemandi

- Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn (L).
- Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu (L).
- Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna (L)



ii Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

Að nemandi geti útskýrt hringrás vatns og hvernig fæðukeðjan virkar

Geti sagt frá lífríki sjávar

iii Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru

Komdu og skoðaðu hringrásir

Komdu og skoðaðu hafið

Bókin Hvalir

Halló heimur 2 og verkefnabók

Önnur verkefni frá kennara:

iv Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Kennsluaðferðir byrjendalæsis
- Beinar innlagnir; spurnaraðferð, umræður, hugarflug með leiðsögn
- Sýnikennsla
- Tilraunir
- Sköpun; myndræn tjáning
- Vettvangsferðir
- Paravinna og hópvinna

v Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Stuðst er við símat þar sem viðfangsefni og verkefni eru metin út frá hæfniviðmiðum með fjölbreyttum leiðum.

5. Samfélagsgreinar

Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku að meðaltali. Kennt í þemum, sambætt við íslensku og stærðfræði.

i. Hæfniviðmið**Þekking:**

Við lok árgangs geti nemandi:

- Sýnt öðrum umhyggju og sáttfýsi
- Bent á tengsl trúar og lífsviðhorfa
- Gert sér grein fyrir samhengi orða, athafna og afleiðinga
- Nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar
- Aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum
- Tekið þátt í umræðum um samfélagið
- Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni
- Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra
- Sagt frá atburðum og persónum á völdum tíma, sem tengjast nærsamfélaginu
- Gert sér grein fyrir mismunandi gildi og áreiðanleika upplýsinga



- Nefnt dæmi um þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga
- Sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú
- Áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum
- Tekið þátt í umræðum tengdum trú, lífsviðhorfum og breytni
- Áttað sig á að fólk aðhyllist mismunandi trúarbrögð
- Þekkt nokkur helstu trúarbrögð heimsins
- Nefnt dæmi um áhrif Biblíunnar á samfélagið
- Nefnt dæmi um trúarlegar vísanir í listum og bókmenntum
- Áttað sig á gildi samhjalpar í samfélaginu
- Kynnt sér kostnað vegna eigin neyslu
- Gert sér grein fyrir áhrifamætti auglýsinga

Lífsleikni:

Við lok árgangs geti nemandi:

- Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af siðum og venjum
- Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig
- Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur
- Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði
- Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti
- Gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans
- Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra
- Sett sér markmið og gert áætlanir að úrlausn afmarkaðra verkefna
- Sett sig í spor annarra jafnaldra
- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi
- Áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum
- Hlustað á og greint að ólíkar skoðanir
- Rætt um valin samfélags- og siðferðileg málefni
- Rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu
- Þekkt til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti
- Sýnt tillitssemi, virðingu og ábyrgð í samskiptum og samvinnu við aðra
- Áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum
- Áttað sig á ýmskonar afleiðingum athafna sinna
- Sýnt að hann virði reglur í samskiptum

Umferðarfræðsla:

Við lok árgangs geti nemandi:

- Þekkt helstu umferðarreglur sem tengjast hjólréiðum, línuskautum, hjólabrettum og hlaupahjólum.
- Gert sér grein fyrir mikilvægi öryggisbúnaðar fyrir hjólandi vegfarendur
- Leitað sér upplýsinga og leiðbeininga til að rata um sitt nærumhverfi



H6

Nemendur fá eftirfarandi fræðslu í gegn um heilsuvernd skólabarna:

- Kynningu á kvíða
- Kynningu á slysavörnum

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Saga mannkyns
- Trúarbrögð
- Landafræði

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Komdu og skoðaðu sögu mannkyns
- Trúarbrögðin okkar

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt

- Kennsluaðferðir byrjendalæsis
- Beinar innlagnir; spurnaraðferð, umræður, hugarflug með leiðsögn
- Sýnikennsla
- Tilraunir
- Sköpun; myndræn tjáning
- Vettvangsferðir

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Samvinna í litlum hópum
- Færnimiðuð verkefni

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Stuðst er við símat þar sem viðfangsefni og verkefni eru metin út frá hæfniviðmiðum með fjölbreyttum leiðum.

6. Skólaíþróttir

6.1. Íþróttir

Tímafjöldi: 2 x 40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár.

i. Hæfniviðmið



Við lok árgangs geti nemandi:

- Heilsa og efling þekkingar
 - Iðkað íþróttir, leiki og útihlaup á skólalóð og í sínu nærumhverfi
 - Haft jákvæða upplifun af íþróttaiðkun.
- Líkamsvitund, leikni og afkastageta
 - Getur sýnt fram á líkamsþol.
 - Getur sýnt fram á hraða og viðbragð.
 - Getur sýnt fram á færni og kraft.
 - Getur sýnt fram á samhæfingu.
 - Getur sýnt fram á vald á grunnhreyfingum.
- Félagslegir þættir
 - Sýnir mismunandi getu samnemenda sinna virðingu.
 - Sýnt samvinnu og jákvæð samskipti í hóp
 - Skilið og farið eftir grunnreglum leikja og íþróttagreina.
 - Farið eftir fyrirmælum.
- Öryggi og skipulagsreglur
 - Farið eftir reglum sem snúa að umgengni í íþróttahúsum og sundstöðum.

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Grunnþættir líkams- og hreyfiproska
 - Líkamsstaða og líkamsbeiting, samhæfing, styrkur, þol, hraði, jafnvægi, liðleiki
- Kynna nemendum fyrir fjölbreyttum íþróttum í einstaklings og hópíþróttir.
- Með áherslu á hreyfingu og markvissa hreyfipjálfun, er lagður grunnur að heilsu og velferð nemenda til lífstíðar.
- Fræða skal nemendur um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar. Tekið er mið af þessu í íþróttakennslu.
- Í skólaíþróttum er tækifæri fyrir hvern nemanda að læra að þekka eigin líkama og skynja möguleika hans til tjáningar og sköpunar. Þannig má efla sjálfstraust og styrkja sjálfsmynd hvers einstaklings.

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Áhöld í íþróttasal
 - Minni áhöld: Boltar, gjarðir, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, léttar dýnur, liðabönd, vesti, mjúkir boltar, badminton flugur og spaðar, bandý boltar og kylfur, combi sett, keilur, skeiðklukkur, málband, spilastokkur, mottur.
 - Stærri áhöld: Kistur, kubbar, hestar, kaðlar, slár, badminton uppistöður, blak uppistöður, mörk, körfur, bekkir, stærri dýnur, stökkbretti, boltagrindur, boltanet.
- Áhöld í skóla og á skólalóð
 - Minni áhöld: Boltar, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, mjúkir boltar, liðabönd, vesti, bandý kylfur.
 - Stærri áhöld: Klifurbrautir, rólur, mörk, gervigrasvöllur, körfuspjöld, yfir veggur.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Kennsla í íþróttahúsi
 - Íþróttasalur
- Kennsla utanhúss
 - Skólalóð og nærumhverfi.



Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Kennsluaðferðir
 - Sýnikennsla, endurtekningaræfingar, námsleikir, stöðvaþjálfun, stöðugt þjálfunarálag, spurnaraðferðir, þrautalausnir og þrautabrautir, hlutverkaleikir, hermileikir, hópvinubrögð, frásögn og sagnalist, hugarflug, leikræn tjáning.

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- Heilsa og velferð;
 - Markmiðasetning og framfarir
- Hreyfing og afkastageta;
 - Færni- og afkastagetupróf
- Félagslegir þættir og samvinna;
 - Virkni í kennslustundum
- Öryggi og skipulag;
 - Að fara eftir reglum, m.a. öryggisreglum í íþróttahúsi
 - Að fylgja fyrirmælum kennara og starfsmanna

6.2. Sund

Tímafjöldi: 1 x 40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár.

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Heilsa og efling þekkingar
 - Haft jákvæða upplifun af sundi.
- Líkamsvitund, leikni og afkastageta
 - Getur hoppað eða stungið sér í sundlaugina.
 - Getur kafað í sundlauginni.
 - Hefur sýnt fram á færni í baksundi með eða án hjálpartækja.
 - Hefur sýnt fram á færni í bringusundi með eða án hjálpartækja.
 - Hefur sýnt fram á færni í skólabaksundi með eða án hjálpartækja.
 - Hefur sýnt fram á færni í skriðsundi með eða án hjálpartækja.
- Félagslegir þættir
 - Sýnir mismunandi getu samnemenda sinna virðingu.
 - Sýnt samvinnu og jákvæð samskipti í hóp.
 - Skilið og farið eftir grunnreglum leikja og íþróttagreina.
 - Farið eftir fyrirmælum.
- Öryggi og skipulagsreglur
 - Farið eftir reglum sem snúa að umgengni í íþróttahúsum og sundstöðum.

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Grunnþættir líkams- og hreyfifroska
 - Að nemandi þjálfist í æskilegri líkamsstöðu í vatni og líkamsbeitingu, samhæfingu, liðleika, þoli, krafti, viðbragðs og hraða auk almennrar vatnsaðlögunar
- Með áherslu á hreyfingu og markvissa hreyfiþjálfun, er lagður grunnur að heilsu og velferð nemenda til lífstíðar.



- Fræða skal nemendur um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar. Tekið er mið af þessu í íþróttakennslu.
- Í skólaíþróttum er tækifæri fyrir hvern nemanda að læra að þekkja eigin líkama og skynja möguleika hans til tjáningar og sköpunar. Þannig má efla sjálfstraust og styrkja sjálfsmynd hvers einstaklings.

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Áhöld í sundlaug
 - Kútar, stór bretti, lítil bretti, sundfit, flotholt af ýmsum gerðum, kafhringir, boltar.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Kennsla fer fram í
 - Ásvallalaug
 - Unnið með sundkennsluleiðbeiningar í ákveðinn tíma til að styðja við nemendur til að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:
 - Við upphaf kennsluárs
 - Um mitt kennsluár
 - Við lok kennsluárs
- Heimanám (foreldrar)
 - Nemendur eru hvattir til að stunda sund utan skólatíma og mæta þannig kröfum námsins.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Kennsluáðferðir
 - Sýnikennsla, endurtekning, leikir, þolþjálfun, hópvinna, stöðvaþjálfun, samvinna.

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Viðfangsefni og verkefni eru metin út frá hæfniviðmiðum ásamt frammistöðu í tímum, virkni, viðhorfi og áhuga

7. Stærðfræði

7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræði

Tímafjöldi: 5 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

Að geta spurt og svarað með stærðfræði:

- Notað tölur upp í 1000 í mæltu máli og skriflegu (b).
- Notað ýmsar aðferðir til að tjá sig, teikningar, skissur, myndir, töflur og skýringarmyndir(b).



- Sett fram útreikninga á þann hátt að þeir gefi öðrum góða yfirsýn og séu öðrum skiljanlegir (P/L).
- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni (P/L)
- Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag (L)
- Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna (P/L)
- Nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á einföldum tölulegum gögnum (P/L)
- Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt (P/L)

Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Parað saman hluti úr umhverfinu, flokkað hluti í hópa og borið saman fjölda í hópunum (P)
- Sett fram tilgátur og spurningar sem hægt er að rannsaka og svara (P).
- Notað tölur og einfalda útreikninga til að rökstyðja mál sitt (P).

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Gert kannanir og leyst verkefni sem tengjast raunverulegum aðstæðum með því að nota reikniaðgerðirnar (P).
- Undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði (P/L).
- Sannreynt nákvæmni svara við dæmum og annarra fullyrðinga (P).

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Þrautalausnir
- Umræður um stærðfræðiverkefni
- Kynningar á verkefnum
- Samvinnuverkefni

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Sproti 4A og 4B, nemendabók og æfingahefti
- Stærðfræðispæjarar 3
- Kubbar, sentikubbar, talnagrindur, vasareiknar, peningar, reglustikur, málbönd, speglar, pinnabretti og teygjur, ml/ dl /l -mál og brotaspjöld, vog og önnur tilfallandi gögn.

Ítarefni

- Ýmsar vefsíður sem tengjast stærðfræði
- Vasareiknir 3 og 4.

7.2. Tölur, reikningur og algebra

Tímafjöldi: 3 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

Tölur og reikningur

- Unnið með talnarunur (P).
- Unnið með talnalínu (P).
- Þekkt sætiskerfi (P).
- Leyst samlagningardæmi með tölum upp í 999, með mismunandi reikningsaðferðum (P).
- Leyst frádráttardæmi með tölum upp í 999, með mismunandi reikningsaðferðum (P).
- Námundað tölur að næsta tug og hundraði og notað námundun í slumpreikning (P).



- Þekkt margföldun sem endurtekna samlagningu (þ).
- Þekkt deilingu sem skiptingu og endurtekinn frádrátt (þ).
- Beitt margföldun við útreikninga (þ).
- Beitt deilingu við útreikninga (þ).
- Útskýrt að tengireglan gildir í margföldun (þ).
- Notað vasareikni við útreikninga (þ/L).
- Leyst hagnýt verkefni með því að nota reikningsaðferðirnar fjórar (þ).
- Þekkt negatívar tölur með áherslu á talnalínu og reiknað einföld dæmi með negatívum tölum (þ).
- Þekkt almenn brot sem hluta af heild þar sem heildin getur verið safn, lengd eða mynd (þ)
- Þekkt hugtökin nefnari og teljari og borið saman brot með eins stafs nefnara (þ).
- Þekkt tíundahluta, ráðað í stærðar röð (þ).

Algebra

- Fundið óþekkta tölu í margföldun (þ).
- Fundið óþekkta tölu í deilingu (þ).
- Fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar, t.d. með því að nota áþreifyanlega hluti (þ).

ii Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Samlagning og frádráttur,
- margföldun og deiling með eins, tveggja og þriggja stafa tölum.
- Margföldun með 10, 100 og 1000,
- forgangsröðun aðgerða,
- sléttar tölur, oddatölur,
- lausnamengi í jöfnum og ójöfnum,
- sætisfærsla,
- talnahús,
- stærð og röðun talna.
- mengi s.s. mengi náttúrlegra talna, grunnmengi, talnamengi, faldmengi og lausnamengi.
- námundun að tug og hundraði.
- almenn brot, tugabrot,
- tölfræði,
- tími,
- horn og víxlregla.
- unnið er með orðadæmi og þrautalausnir, í því felst lestur stærðfræðitexta, munnleg og skrifleg tjáning.
- nemendur þjálfast í að nota vasareikni.
- Sætiskerfið – einingar, tugir, hunduð og þúsund.
- Tölur á talnalínu
- Negatívar tölur
- Almenn brot
- Teljari og nefnari
- Tíunduhlutar á talnalínu
- Samlagning og frádráttur með þriggja stafa tölum á talnalínu
- Námundun talna að tug og hundraði og námundun í slumpreikningi.
- Margföldun



- Samlagning, frádráttur, deiling og margföldun við hversdagslegar aðstæður
- Tengls margföldunar og samlagningu og síðan deilingu og frádráttar
- Talnamynstur og talnarunur
- Jafnaðarmerki

iii Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Sproti 4A og 4B, nemendabók og æfingahefti
- Kubbar, sentikubbar, talnagrindur, vasareiknar, peningar, reglustikur, málbönd, speglar, pinnabretti og teygjur, ml/ dl /l -mál og brotaspjöld, vog og önnur tilfallandi gögn.

Ítarefni

- Ýmsar vefsíður og öpp sem tengjast stærðfræði
- Vasareiknir 3 og 4.

7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi

Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

Rúmfræði og mælingar

- Þekkt og lýst einkennum hringa og marghyrninga (þ)
- Unnið með klukku, bæði hefðbundinni klukkuskífu og stafrænni klukku (þ).
- Unnið með tímaútreikninga, mismun og mælingar (þ)
- Notað einfalda mælikvarða til að mæla lengd (þ)
- Áætlað algengar stærðir sem tengjast lengd, þyngd, flatarmáli og rúmmáli (þ).
- Notað hentug mælitæki og lesið af kvörðum (þ/L).
- Valið milli dl og l (þ).
- Valið á milli g, hg og kg (þ).
- Valið á milli mm, cm, dm og m (þ).
- Mælt og reiknað ummál marghyrninga (þ).
- Mælt og reiknað flatarmál einfaldra forma (þ).
- Búið til og þekkt samhverf mynstur (þ).
- Staðsett hlut eða mynd í rúðuneti og reiknað fjarlægðir út frá ásunum (þ).
- Þekkt speglun og spegilása þar sem spegilásar geta verið fleiri en einn (þ).
- Snúið og þannig framkallað horn af grunnstærðum (þ).
- Búið til og lýst mynstrum með hliðrun (þ).
- Notað mismunandi mælitæki til að fá niðurstöður og túlka niðurstöður sínar (þ).

Tölfræði og líkindi

- Gert einfaldar kannanir og safnað mismunandi upplýsingum/gögnum, flokkað þau, talið fjöldann og sýnt niðurstöðurnar í töflum og súluritum (þ/L).
- Lesið úr einföldum súluritum (þ).
- Tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur, t.d. Hvað er líklegt að muni gerast og hvað er tilviljunum háð (þ).
- Gert einfaldar tilraunir með teningum eða spilum og gert sér grein fyrir líkum (þ).

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:



- Staðsetning og hliðrun í rúðuneti
- Staðsetja reit eða punkt í hnitakerfi
- Hringir og marghyrningar
- Spegln, spegilásar, samhverf mynstur
- Hliðrun mynstra
- Snúningur 90° , 180° , 270° og 360°
- Klukka/tíma – klukkuskífur og stafræn klukka
- Reikna og mæla tíma í klst og mín, milli tveggja tímasetninga
- Lengd
- Ummál marghyrninga
- Flatarmál
- Áætla algengar stærðir sem tengjast lengd, þyngd, flatarmáli og rúmmáli.
- notað hentug mælitæki
- lesið af kvörðum dm, l, mg, hg, kg, cm, dm, mm.
- Safna upplýsingum og gera kannanir
- Sýna niðurstöður í töflum og súluritum
- Lesa úr súluritum

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Sproti 4A og 4B, nemendabók og æfingahefti
- Stærðfræðispæjarar 3
- Kubbar, sentikubbar, talnagrindur, vasareiknar, peningar, reglustikur, málbönd, speglar, pinnabretti og teygjur, ml/ dl /l -mál og brotasþjöld, vog og önnur tilfallandi gögn.

Ítarefni

- Ýmsar vefsíður sem tengjast stærðfræði
- Vasareiknir 3 og 4.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Innlögn kennara
- Einstaklingsvinna
- Paravinna
- Hópvinna
- Þrautalausnir
- Stöðvavinna

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Hver vinnur á sínum hraða og á eigin forsendum

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Kaflapróf eru lögð fyrir við lok hvers námsþáttar og próf lögð fyrir við lok anna. Að öðru leiti er stuðst við símat þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda og vinnu í kennslustundum.



8. Upplýsinga- og tæknimennt

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla skal unnið með upplýsinga- og tæknimennt sem þverfaglegt námssvið og samþætta við sem flestar námsgreinar og námssvið. Því eru öll hæfniviðmið í upplýsingatækni skráð undir aðrar námsgreinar þar sem þau eru metin.

